

Fundargerð 69. aðalfundar
SFR

29. mars árið 2008

69. aðalfundur SFR var haldinn í BSRB-húsinu, Grettisgötu 89, laugardaginn 29. mars 2008 og hófst kl. 13. Samkvæmt mætingarlista sem var látinn ganga á fundinum voru fundarmenn 65 talsins (fskj. 0).

Árni Stefán Jónsson formaður SFR setti fundinn og bar upp tillögu um starfsmenn hans. Var hún einróma samþykkt. Ingibjörg Óskarsdóttir og Sigurður Skúlason voru kjörnir fundarstjórar, fundarritarar Þorleifur Óskarsson og Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir.

Ingibjörg Óskarsdóttir tók við stjórn fundarins og bar fyrst upp til samþykktar fundargerð síðasta aðalfundar. Var hún samþykkt. Að því loknu var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður SFR, **Árni Stefán Jónsson**, flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2007-2008 (sjá fskj. 1.1, „Ræða Árna Stefáns Jónssonar.“ Handrit. Sjá ennfreður fskj. 1, *Félagstíðindi* 50 (2008), 3.tbl., mars). Hann rakti helstu viðfangsefni félagsins á liðnu ári og vék að nokkrum verkefnum sem fram undan væru. Þar bar komandi kjarasamninga hæst. Þá minnti hann á að félagið yrði 70 ára á næsta ári. Þess yrði minnst og mundi stjórn félagsins leggja drög að með hvaða hætti það yrði.

Árni Stefán fór yfir ýmsa þætti kjaramálanna. Þá m. gerði hann grein fyrir launakönnunum í tengslum við bókun 2 í síðasta kjarasamningi, um launamun kynjanna, og einnig þeirri undirbúningsvinnu sem hefði farið fram fyrir komandi samninga. Hann ræddi launakönnunina sem gerð var í samvinnu við VR og tíndi til kosti og galla þeirrar vinnu og árangurinn sem hún hefði borið. Niðurstaðan – staðfestur launamunur kynjanna kom engum á óvart en Árni Stefán lagði þunga áherslu á mikilvægi þess að knýja fram launajafnrétti – ekki bara vegna kvenna heldur allra vegna og hann minnti á þá staðreynd að velferðarkerfinu væri meira og minna haldið gangandi með vinnuframlagi kvenna. Velferðarþjónustunni stafaði því beinlínis hætta af ríkjandi ástandi í launamálum og nú þegar liði þjónustan fyrir stöðu mála.

Árni Stefán tífundaði ekki niðurstöður könnunar SFR og fjármálaráðuneytisins en sagði að ýmsir annmarkar hefðu verið á gerð hennar og úrvinnslu. Þannig hefðu 33% stofnana daufheyrst við óskum um upplýsingar um launamál. Á hinn bóginn gæfi könnunin góðar vísbendingar og marga lærdóma hefði mátt draga af vinnunni við hana. Nú væri hafin úrvinnsla á nýrri könnun, „Launakönnun SFR“, sem gerð hefði verið á þessu ári í samstarfi við VR.

Þá fór Árni Stefán yfir mótun kröfugerðar, skipan samninganefndar félagsins og sagði frá trúnaðarmannaráði en skipan þess er þannig að kynjaskiptingin er í samræmi við samsetningu félagsins; 70% konur og 30% karlar. Í tengslum við trúnaðarmenn minnti hann á nýjar og athyglisverðar námsleiðir fyrir þá sem boðið væri upp á í samvinnu BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu.

Árni Stefán greindi frá starfi ýmissa deilda innan félagsins. Starf „Ungra í SFR“ hafði ekki gengið sem skyldi og sagði hann meginskýringuna þá að mikil hreyfing væri á yngra fólki á vinnumarkaðnum. Ákveðnar forsendur skorti þannig fyrir því að stöðugleiki myndaðist til sérstakrar starfsemi yngri félagsmanna. Lífeyrisþegadeildin,

með um 900 manns innanborðs, hefði aftur á móti haldið sínu striki með öflugum starfi en fyrir þeim hópi fer **Jarmila Hermannsdóttir**.

Gerð hafði verið úttekt á því hversu hátt hlutfall erlendra félagsmanna væri í því skyni að meta bæði þörf og möguleika á sérstakri þjónustu við þá. Niðurstaðan var eins og menn þóttust fyrirfram vita að þarna væri um mjög fáa einstaklinga að ræða og því litlir möguleikar á verulegri sérþjónustu við þá á vegum félagsins.

Árni Stefán fór nokkrum orðum um sjóði félagsins og sagði að nýting þeirra væri góð. Í orlofsmálum hefði uppbyggingu verið haldið áfram. Tiltók hann sérstaklega framtak í Reykjavík og á Akureyri þar um.

Varðandi nýtingu á orlofshúsum félagsins í gistinóttum talið var það sama uppi á teningnum og áður að Munaðarnes og Eiðar höfðu komið verst út. Nú væri starfandi vinnuhópur um úrbætur og breytingar á rekstri og fyrirkomulagi þessara orlofsbyggða.

Árni Stefán vék að upplýftingu sem gerð hafði verið á vefsíðu félagsins en breytingin hefði hlotið góðar undirtektir. Aðsókn að síðunni hefði löngum verið góð og færi mjög vaxandi.

Árni Stefán fór nokkrum orðum um fræðslumál á vegum félagsins og þ.á m. gamalgróið samstarf við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í ýmsu námskeiðahaldi. Hann sagði að ekki væri hægt að fjalla um þennan málaflokk nema minnst á Starfsmennt sem hefði rutt brautir á mörgum sviðum og væri gott dæmi um framsýni í starfi SFR á liðnum árum.

Þá ræddi Árni Stefán málefni skrifstofu SFR. Breytingar höfðu orðið á mannahaldi og nú væri nýtekinn til starfa níundi starfsmaðurinn á skrifstofunni; svokallaður þjónustufulltrúi fyrir trúnaðarmenn. Fram kom að þessi staða er styrkt úr mannaússjóði BSRB. Þá væru komin í gagnnið nýtt bókhalds- og félagatalskerfi og einnig rafrænt orlofshúsakerfi. Árni Stefán sagði ljóst að með þessum kerfum væru fyrirsjáanleg ákveðin umskipti í starfsemi skrifstofunnar.

Loks gat Árni Stefán þess að nú færi fram stjórnarkjör og talsverðar breytingar yrðu á stjórn félagsins. Fjórir hyrfu af vettvangi, annað hvort vegna útskiptareglunnar eða þá persónulegra ástæðna og jafnmargir nýir kæmu inn. Árni vildi þakka þeim sem nú gengju úr stjórn fyrir vel unnin störf.

Lokaorð formanns félagsins voru þau að nú væri skammt í fyrsta samningafundinn við ríkið, hann væri á dagskrá 7. apríl. Miðað við aðstæður væri mikilvægt að gæta skynsemi og yfirvegunar í komandi samningalotu. Staða efnahagsmála almennt væri í ólestri og þar af leiðandi ekki skynsamlegt að gera ráð fyrir að semja til langs tíma.

Hér að framan hefur verið rakið ýmislegt sem fram kom í ræðu formanns, Árna Stefáns Jónssonar. Frekari upplýsingar um starfsárið 2007-2008 er að finna í skýrslu stjórnar í *Félagstíðindum* og einnig meðfylgjandi ræðu formannsins (**fskj. 1, Félagstíðindi** 50 (2008), 3.tbl., mars. **Fskj. 1.1**, „Ræða Árna Stefáns Jónssonar.“ Handrit).

Eftir að Árni Stefán hafði lokið máli sínu óskaði fundarstjóri eftir samþykki fundarmanna við því að skýrsla stjórnar og reikningar félagsins yrðu bornir upp í einu lagi. Fundarmenn samþykktu það og var þá komið að næsta dagskrárlið.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til samþykktar

a) Félagssjóður

Pórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri SFR fékk orðið og hóf mál sitt á því að gera grein fyrir ársreikningi félagssjóðs (**fskj. 2. SFR – stéttarfélag í almannajónustu. Ársreikningur SFR 2007.** Um félagssjóð bls. 5-14). Hann kynnti helstu þætti reikninganna, fór yfir tekjur og gjöld sjóðsins, sem og eignastöðu. Meðal þess sem hann vakti athygli á var lækkun á gjaldi til BSRB á milli árána 2006-2007. Skýringin væri sú að hlutfallsprósenta á greiðslum til bandalagsins hefði lækkað með niðurlagningu vinnudeilusjóðs BSRB. Annars tala prentaðir reikningar sínu máli og vísast til þeirra hér (**fskj. 2,** bls. 5-14).

b) Orlofssjóður

Pórarinn Eyfjörð rakti helstu atriði í reikningi orlofssjóðs, fór yfir tekjur, gjöld og eignir. Meðal þess sem hann staldraði við var kostnaður á hús eftir svæðum, endurleiguhús o.fl. Hann sagði að ljóst væri af öllum talnasamanburði að ástandið í Munaðarnesi væri komið á það stig að þar þyrfti að fara fram gagnger endurskoðun og uppstokkun á öllum rekstri. Að öðru leyti vísast hér til prentaðra reikninga um þessi efni og önnur (**fskj. 2.** Um orlofssjóð, bls. 17-26).

c) Starfsmenntunarsjóður

Pórarinn Eyfjörð fór yfir ársreikning sjóðsins (**fskj. 2** bls. 29-34). Hann sagði að sjóðurinn stæði nú vel að vígi og í ljósi þess hefði verið ákveðið að opna nýjan styrktarflokk í menntunarmálum. Varlega yrði hins vegar af stað farið. Hér er um að ræða styrki til menntunar sem er ekki beinlínis vinnutengd heldur á sér allt eins samsvörun í áhugamálum umsækjenda. Reynsla fyrri tíðar sýndi hins vegar að gæta yrði varúðar á þessu sviði. Þar af leiðandi mundi stjórn félagsins fylgjast náið með starfseminni og hafa hönd í bagga.

d) Styrktar- og sjúkrasjóður

Þá rakti **Pórarinn Eyfjörð** helstu tölur úr ársreikningi styrktar- og sjúkrasjóðs og fór yfir stöðu mála (**fskj. 2,** bls. 37-42). Á sjóðnum væri rekstrartap en beðið yrði með að móta nýja stefnu fyrir hann þar til að afloknum kjarasamningum. Sjóðurinn byggir afkomu sína á framlagi atvinnurekenda sem miðast við 0,37% af heildarlaunum félagsmanna en hlutfallið er mun hærra á almenna markaðnum, eða 1%. Þessi munur hefði verið réttlættur með „góðum“ veikindarétti opinberra starfsmanna en í raun væri sá réttur nú orðinn mjög sambærilegur á opinbera og almenna vinnumarkaðnum. Ætlunin væri að sækja fram fyrir styrktar- og sjúkrasjóð í komandi samningum og í ljósi niðurstöðu þeirra færi fram stefnumörkun fyrir sjóðinn.

e) Vinnudeilusjóður

Pórarinn Eyfjörð fór yfir helstu kennitölur í ársreikningi vinnudeilusjóðs og vísast hér til prentaðra reikninga þar um (**fskj. 2,** bls. 45-50). Hann vék síðan að stöðu sjóða félagsins og greindi frá þeim neikvæða viðsnúningi sem varð á ávöxtun um mánaðamótin okt/nóv á síðasta ári og sem lítið lát hefur orðið á. Skjótt var brugðist við umsnúningnum í haust þannig að með breyttum ávöxtunarleiðum tókst að lágmarka skaða félagsins.

Í lokin sýndi **Pórarinn** línurit yfir meðaltalsávöxtun á sjóðum árin 2003-2007. Þá var myndin sem við blasti allt önnur en síðastliðið ár eitt og sér – ávöxtunin þessi ár hafði verið stígandi góð. Pórarinn undirstrikaði mikilvægi þess að skoðuð væru nokkur ár saman til að öðlast heildarsýn í þessum efnum; langtímasjónarmiðin skiptu mestu.

Að lokinni umfjöllun um sjóði félagsins opnaði fundarstjóri, **Ingibjörg Óskarsdóttir**, fyrir mælendaskrá til að ræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Anna Atladóttir tók til máls og spurði um umgengni í orlofshúsum félagsins. Hún hefði heyrt að ástandið í þeim efnum hefði versnað hjá öðrum félögum, t.a.m. hjá VR. **Gísli Bjarnason** vildi nánari upplýsingar um stöðuna í Munaðarnesi og á Eiðum: Af hverju útkoman þar væri svo slæm og kostnaðurinn svo miklu meiri, hvort aðsóknin væri dræm eða hvort aðrar skýringar væru á?

Árni Stefán Jónsson sagði að erfitt væri að gefa viðhlítandi svar í stuttu máli við spurningu **Gísla**. Orlofsheimilanevnd BSRB sér um reksturinn allan en félögin hafa afnotarétt af húsunum gegn gjaldi. Í tímans rás hefði komið á daginn að þetta rekstrarfyrirkomulag væri allt of miðstýrt. Kröfur til orlofshúsa almennt hefðu aukist með fjölbreyttara framboði og nýjum úrræðum í orlofsmálum. Við þessu hefði ekki verið nægilega vel brugðist í Munaðarnesi. Þegar hefðu mörg félög dregið sig út úr samstarfinu þar en SFR væri stærsta félagið og yrði að sýna mikla félagslega ábyrgð (með afnotarétt yfir 28 húsum). Árni Stefán ítrekaði að unnið væri að uppstokkun á rekstri og rekstrarfyrirkomulagi í Munaðarnesi. Þá vildi hann halda því til haga að Munaðarnes væri – eins og flestum væri reyndar kunnugt um - alveg einstakur staður fyrir orlofsbyggð. Verkefnið fram undan væri að leysa úr rekstrarvandanum þar og stokka upp skipulag rekstrarins. Það væri hlutverk sérstaks starfshóps sem hann ætti sæti í ásamt formönnum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Kjalar.

Pórarinn Eyfjörð svaraði erindi **Önnu Atladóttur**. Hann sagði að almennt væri umgengni um orlofshús félagsins góð; einungis væru örfáar undantekningar þar á.

Svala Norðdahl spurði um tjaldsvæðið í Munaðarnesi og hvort það yrði ekki áfram við lýði. **Pórarinn** sagði að eins og staðan væri í dag væri ekkert á hreinu varðandi Munaðarnes. Framtíðarsýn starfshópsins sem Árni Stefán ætti sæti í væri í vinnslu, hópurinn ætti að skila af sér skýrslu nú í vor og með henni mundu línur skýrast.

3. Tillögur til lagabreytinga

Engar tillögur lágu fyrir fundinum.

4. Stjórnarkjör kynnt

Sigurður Skúlason tók við fundarstjórn og gerði grein tillögu trúnaðarmannaráðs um stjórn SFR, formann og stjórnarmenn (**fskj. 4**). Var uppstillingin samþykkt með lófataki.

5. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanna reikninga

Fundarstjóri bar undir fundinn tillögu trúnaðarmannaráðs um tvo skoðunarmenn reikninga (**fskj. 5**): Eyjólf Magnússon og Sigríði Jakobsdóttur, til vara Ólaf Loftsson og Ólafu Kristínu Sigurgarðsdóttur. Var tillagan samþykkt samhljóða. Þá var borin upp tillaga um löggiltan endurskoðanda, Rögnvald Dofra Pétursson (**fskj. 5**). Hún var einnig samþykkt samhljóða með lófataki.

6. Kosnir fimm menn í kjörstjórn og jafnmargir til vara

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu trúnaðarmannaráðs (**fskj. 6**). Athugasemd við tillöguna barst úr sal vegna kynjaskiptingar. Í tillögunni voru fjórir af fimm aðalmönnum karlar. **Árni Stefán Jónsson** tók undir fram komin sjónarmið og stakk upp á tilfærslu á þann veg að Jóhanna Lára Óttarsdóttir og Ólöf Jónsdóttir yrðu aðalmenn í stað Grétars Þórs Kristinssonar og Halldórs Sveins Haukssonar sem tækju sæti þeirra sem varamenn. Eftir nokkrar umræður var tillaga Árna Stefáns borin upp í tvennu lagi, annars vegar um aðalmenn og hins vegar varamenn. Tillagan um aðalmenn í kjörstjórn var samþykkt með öllum þorra atkvæða, einn var á móti. Tillagan um varamenn var einnig samþykkt með þorra atkvæða, fjórir voru á móti.

7. Ákvörðun um iðgjald félagsmanna og skiptingu milli sjóða

Tillögur um breytingar á iðgjaldi þurfa að berast félaginu a.m.k. 25 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Félaginu hafði borist símbréf með ársгамalli tillögu frá starfsfólki á skrifstofu sýslumannsins á Akureyri (**fskj. 7**). Þar var um að ræða sömu tillögu sem barst degi fyrir síðasta aðalfund sem haldinn var 31. mars 2007 og var því ólögleg á þeim tíma. **Árni Stefán Jónsson** formaður félagsins vildi að fundurinn tæki af skarið með það að tillagan nú væri ólöglega framborin.

Spunnust nokkrar umræður um þetta. **Anna Atladóttir** sagði augljóst að ársгömul tillaga sem hefði nú borist með símbréfi væri ekki tæk til afgreiðslu. **Pétur Þormar** sagði vinnubrögðin í kringum þessa tillögu undarleg. Fundarstjóri, **Ingibjörg Óskarsdóttir**, spurði fundarmenn hvort þeir væru samþykkir því að lögmæti tillögunnar yrði borið undir fundinn. Þá tók til máls **Gísli Bjarnason** og sagði að það væri hlutverk fundarstjóra að vísa tillögunni frá. **Árni Stefán** sagði að það væri vissulega rétt en tillaga sín væri sú að fundurinn tæki afstöðu. **Páll Steinþórsson** taldi það óþarfa að bera tillöguna upp, hún væri ólögleg, dagsetning og þar með aldur hennar gæfi það til kynna – ekki hefði einu sinni verið haft fyrir því að búa til nýja samhljóða tillögu og afla undirskrifta þeirra sem undir hana skrifuðu fyrir ári síðan.

Ingibjörg Óskarsdóttir fundarstjóri sagði ljóst að tillagan væri ekki „tæknilega tæk“ en fyrir lægi frávísunartillaga formanns sem nú yrði borin undir fundinn. Fundarmenn samþykktu frávísunartillöguna samhljóða.

8. Kosið í stjórnir orlofssjóðs, starfsmenntunarsjóðs og vinnudeilusjóðs samkvæmt reglum þeirra

Fundarstjóri las upp tillögur trúnaðarmannaráðs um stjórnarmenn og varamenn fyrir sjóðina (**fskj. 8**). Fram kom ábending úr sal þess efnis að í tillögunni um vinnudeilusjóð hallaði á karlmenn. Fundarstjóri kallaði eftir breytingartillögum úr sal en engin kom. Í framhaldinu var bent á að skipan fulltrúa stjórnar félagsins í stjórnir sjóðanna, einn fulltrúa í hverja sjóðstjórn, lægi ekki fyrir og þannig ekki heldur endanleg hlutföll kynjanna í sjóðstjórnnum. Voru þá tillögur trúnaðarmannaráðs lagðar fyrir fundinn hver í sínu lagi og voru þær allar samþykktar samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar

Pórarinn Eyfjörð gerði ítarlega grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2008 fyrir félagssjóð og orlofssjóð og vísast hér til prentaðra reikninga í þeim efnum (**fskj. 2**, bls. 51). Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um fjárhagsáætlun vegna félagssjóðs. Enginn tók til máls og var áætlunin samþykkt samhljóða. Þá var opnað fyrir umræður um fjárhagsáætlun orlofssjóðs. Enginn kvaddi sér hljóðs og var áætlunin samþykkt einróma.

10. Ályktanir aðalfundar afgreiddar

Formaður félagsins, **Árni Stefán Jónsson**, gerði grein fyrir drögum að ályktunum aðalfundar sem lágu fyrir fundinum (**fskj. 10**. „Framtíðarsýn og ályktanir SFR fyrir aðalfund 29. 03. 2008.“ Fjölrit). Áður hafði einnig verið dreift tillögu **Baldurs Marinóssonar** og **Sigurðar Helgasonar** um skattamál og skattsvik (**fskj. 10.1**).

Fundarmenn gáfu samþykki sitt fyrir því að stiklað yrði á stóru um framtíðarsýn félagsins og ályktanir fundarins. Ályktanirnar voru fjórar: Um almannatjónustu, um kjaramál, efnahags- og skattamál og loks um umhverfis- og loftslagsmál (sjá **fskj. 10**. „Framtíðarsýn og ályktanir SFR fyrir aðalfund 29. 03. 2008.“ Fjölrit). Varðandi framtíðarsýn og megináherslur félagsins gat **Árni Stefán** þess að þrjú „ný“ áhersluatriði hefðu verið sett inn en raunar væri einungis hið síðasttalda nýtt af nálinni. Þessi þrjú áhersluatriði eru : Í fyrsta lagi að félagið sporni við og vinni gegn einkarekstri og einkavæðingu, í öðru lagi að félagið vinni gegn kynbundnum launamun og í þriðja lagi að það stuðli í starfi sínu að umhverfisvernd, aukinni umræðu og ábyrgð í loftslagsmálum og öllu sem varðar sjálfbæra þróun. Síðasta atriðinu til skýringar benti Árni Stefán á að þetta væri í vaxandi mæli á meðal verkefna stéttarféлага erlendis. Þá hafði í upphaflegum texta eingöngu verið talað um einkavæðingu en mikilvægt væri að undirstrika einnig afstöðu félagsins til einkareksturs.

Elín Brimdís Einarsdóttir formaður SLRB tók til máls og taldi að ályktun um efnahags- og skattamál ætti einnig að taka mið af hagsmunum lífeyrisþega. Í máli fundarmanna kom hins vegar fram að í ályktuninni væri vísaði til nýlegrar skýrslu **OECD** um vaxandi misskiptingu. Í tilvitnaðri skýrslu væri ekki fjallað um kjör og skattamál lífeyrisþega og þar af leiðandi væri ekki auðvelt um vik að verða við ósk Elínar Brimdísar.

Anna Atladóttir undirstrikaði þýðingu þess að unnið yrði gegn einkarekstri og útvistun einstakra verkefna af opinberum stofnunum. Hún sagði frá útvistun verkefna

í heilbrigðiskerfinu í Bretlandi og slæma reynslu af því. Staðreynd væri að útvistunin svokallaða væri dýrari fyrir samfélagið en með henni væru stjórnvöld að varða leiðina til fullkominnar einkavæðingar. Í því kerfi yrði fólki mismunað eftir efnahag – og það mundi m.a. glögg birtast í heilbrigðiskerfinu.

Ína H. Jónasdóttir lagði til að meginsjónarmiðum úr tillögu **Baldurs Marinóssonar** og **Sigurðar Helgasonar (fskj. 10.1)** yrði skeytt inn í ályktun um efnahags- og skattamál.

Páll Steinþórsson tók til máls um tillögu Baldurs og Sigurðar (**fskj. 10.1**). Hann lagðist eindregið gegn því að tiltaka sérstakar stéttir sem stundi „svarta starfsemi“ og skattsvik, ekki ætti að etja fólki saman með slíkum málflutningi heldur hvetja til þess að stjórnvöld og einstaklingar vinni markvisst gegn skattsvikum og markmiðið sé að allir sitji við sama borð. Flestir fundarmanna sem tjáðu sig voru sammála þessu grundvallarsjónarmiði.

Annar flutningsmaður tillögunnar, **Baldurs Marinóssonar**, tók til máls og sagði að þeir félagar hefðu einmitt velt talsvert vöngum yfir því hvernig tillagan væri best fram sett. Hann skildi þau sjónarmið sem fram hefðu komið og sagðist samþykkja þá leið að megininntak tillögunnar yrði fellt inn í ályktunardrögin um efnahags- og skattamál.

Árni Stefán Jónsson sagði að tillaga **Ínu H. Jónasdóttur** væri góð lausn. Tillaga Sigurðar og Baldurs verði þá dregin til baka en stjórn félagsins falið að skeyta meginboðskap hennar inn í ályktun fundarins um efnahags- og skattamál. **Sigurður Helgason** tók þá til máls og greindi frá því að flutningsmenn báðir væru sáttir við þessa niðurstöðu.

Var þá gengið til atkvæðagreiðslu, fyrst um framtíðarsýn félagsins. Hún var samþykkt samhljóða. Ályktanir um almannajónustu og kjaramál voru einróma samþykktar. Ályktun um efnahags- og skattamál var sömuleiðis samþykkt með fyrirvara um að stjórn félagsins gengi frá henni í samræmi við umfjöllun um tillögu Baldurs og Sigurðar. Þá var ályktun um umhverfis- og loftslagsmál samþykkt í einu hljóði.

11. Önnur mál

Fyrst var vikið að föstum lið eins og venjulega, allt frá árinu 1999, en það var kynning formanns á vali á trúnaðarmanni ársins. **Árni Stefán Jónsson** gat þess að val sem þetta væri jafnan erfitt því í fjölmönnum hópi trúnaðarmanna félagsins væru margir duglegir einstaklingar sem hefðu leyst verkefni sín af hendi á framúrskarandi hátt. Hann sagði að í þetta skiptið hefðu böndin fljótlega borist að konu á landsbyggðinni sem hefði jafnan mætt ótrúlega vel á fundi félagsins í höfuðborginni. Þá hefðu heimsóknir sínar á vinnustað hennar verið sérlega ánægjulegar af því m.a. að mætingin á fundi þar hefði verið 100% og öll umgjörð og skipulag til fyrirmyndar. Að þessum orðum sögðum kallaði **Árni Stefán** upp trúnaðarmann ársins, **Magneu Bjarnadóttur** trúnaðarmann SFR á Skattstofu Suðurlands. Hann afhenti henni blóm, bók, innrammað viðurkenningarskjal og loks bréf upp á vikuvöl í einhverju af orlofshúsi félagsins. Magnea þakkaði innilega fyrir sig.

Að þessu loknu var orðið gefið laust. **Pórarinn Eyfjörð** tók til máls og sagðist ekki geta látið hjá líða að sýna fundarmönnum aðeins nýja orlofsvefinn og hvernig hann virkar í grundvallaratriðum.

Fundarlok

Var nú komið að lokum fundarins. Árni Stefán Jónsson tók til máls. Hann þakkaði fyrst starfsmönnum fundarins fyrir vel unnin störf. Þá kvaddi hann það fólk sem nú var að ganga úr stjórn félagsins, þakkaði þeim einstaklingum vel unnin störf í þágu félagsins og afhenti þeim blómvendi sem þakklætisvott. Loks þakkaði Árni Stefán fundarmönnum góðan fund og starfsfólki SFR fyrir vel unnin störf. Fleira var ekki á dagskrá og fundi slitið kl. 15:50.

Þorleifur Óskarsson

Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir